

Nr. 17-169 S 127 Sólrún EA 151***Eldur í íbúðum***

Skipaskr.nr. 1851
Smíðaður: Stálvík 1987, Stál
Útgerð: Sólrún ehf
Stærð: 21,87 brl. 26,57 bt.
Mesta lengd: 14,95 m Skráð lengd: 14,62 m
Breidd: 4,01 m Dýpt: 2,15 m
Vél: Deutz, 261 kW, árg.: 2001
Fjöldi skipverja: 3



Sólrún @ Sigurður Bergþórsson

Gögn:

Lögregluskýrsla
Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 27. apríl 2018 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 12. nóvember 2017 var Sólrún EA 151 við bryggju á Árskógssandi. Veður: NA 1 m/sek.

Tilkynning barst til Neyðarlínunnar um að reykur kæmi frá stýrishúsinu á Sólrúnu þar sem hún lá við landfestar. Slökkvilið Dalvíkurbyggðar var kallað út og kom á vettvang skömmu síðar en í ljós kom að eldurinn var í lúkarnum fremst í bátinum.

Báturinn var nýlega kominn úr veiðiferð og landaði á Dalvík. Honum var síðan siglt til Árskógssands þar sem skipverjar yfirgáfu bátinn um einni og hálfri klukkustund áður en eldurinn uppgötvaðist.

Við rannsókn kom fram:

- að báturinn var landtengdur;
- að eldurinn kom upp fremst í káetu bátsins en þar voru 220 V rafmagnsvifta (El Björn), rafmagnsofn og fjöltengi sem tengd voru við spennu (*inverter*) 24/220 V. Rafmagnsviftan var alltaf í gangi en rafmagnsofninn var hitastýrður og var í notkun þegar upphitun frá vél var ekki í gangi;
- að rafmagnsofninn var þriggja ára gamall en viftan var orðin fimm til sjö ára gömul;
- að síðasta aðalskoðun á rafkerfi bátsins hjá skoðunarstofu var 3. júní 2013 samkvæmt eyðublaði nr. 15.8.2.10 fyrir báta með mesta lengd allt að 15 m sem samkvæmt reglugerð á að gerast á fjögurra ára fresti;

- að ljósavél var í bátnum sem framleiddi inn á 220 V netið en hún var aldrei notuð;
- að samkvæmt rafmagnsteikningum var 220 V dreifitafla með fjórum greinum allar með 6 A öryggjum sem tengd var við spenninn;
- að skoðunaraðili hafði ekki framkvæmt aðalskoðun á rafkerfi bátsins eins og reglur segja til um samkvæmt eyðublaði 15.8.2.10.

Nefndarálit:

Orsök eldsins er ókunn en líklega má rekja hana til viftu og/eða fjöltengis sem voru í káetunni.

RNSA gerði eftirfarandi tillögu í öryggisátt fyrir Brand VE 220 mál nr. 12415:

Í ljósi tíðra eldsvoða í minni bátum sem rekja má til rafmagnsbúnaðar og frágangs hans gerir nefndin eftirfarandi tillögu í öryggisátt:

Nefndin leggur til að Samgöngustofa beiti sér fyrir endurskoðun á reglum, búnaði og/eða skoðunum er varðar rafmagnsmál um borð í minni bátum.

Afgreiðsla Samgöngustofu frá 10. nóvember 2016 var eftirfarandi:

Reglur nr. 592/1994 um smíði og búnað báta með mestu lengd allt að 15 metrum, með síðari breytingum, er í sífældri endurskoðun og þá sérstaklega atriði er varða rafmagn eins og í þessu tilfelli.

Tillaga í öryggisátt:

Í ljósi tíðra eldsvoða í minni bátum sem rekja má til rafmagnsbúnaðar og frágangs hans gerir nefndin eftirfarandi tillögu í öryggisátt:

Nefndin leggur til að Samgöngustofa gerir úttektir á skoðunarstofum varðandi úttektir þeirra á rafmagnshluta skoðanna.